


Breyting á lánareglum EFÍA

Eftirlaunasjóður FÍA (EFÍA) hefur um nokkurt skeið boðið sjóðfélögum sínum upp á hagstæð sjóðfélagalán. Allir sjóðfélagar geta sótt um lán gegn fasteignaveði og sjóðurinn innheimtir hvorki lántökugjöld né uppgreiðslugjöld. Í desember 2015 ákvað stjórn EFÍA að auka við lánaframbod sjóðsins og bæta vaxtakjör til sjóðfélaga til muna. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og sjóðfélagar sýndu nýjum lánum og bættum kjörum mikinn áhuga sem er ánægjulegt, en aukning í útlánum EFÍA hefur verið margföld á við aðra lífeyrissjóði sem þó hafa einnig aukið sín útlán verulega. Þegar breytingarnar voru gerðar nam lánasafn sjóðsins um 6,6% af heildareignum, frá þeim tíma hefur sjóðurinn sannarlega vaxið en lánasafnið hefur vaxið vel umfram það og nemur nú 17% af heildareignum sjóðsins. Ljóst er að útlánavöxtur getur haldið áfram með sama hraða í nokkurn tíma og fari svo verður lánasafnið orðið um helmingur eigna sjóðsins að þremur árum liðnum.

Á sama tíma hafa ýmsar breytingar orðið á fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, ein sú stærsta er eflaust sú að nú geta lífeyrissjóðir fjárfest óhindrað erlendis. Hlutfall eigna EFÍA sem bundið er í erlendum eignum er lágt í samanburði við aðra sjóði og er því ánægjulegt að þessi breyting hafi loksins orðið að veruleika og vinnur stjórn að því að móta fjárfestingarstefnu sjóðsins að teknu tilliti til þessara breytinga og mikilvægis áhættudreifingar.

Breytingar á lánareglum

Breytingar þær sem samþykktar hafa verið á lánareglum sjóðsins snerta veðhlutfall og hámarkslánfjárhæðir sjóðsins. Við fasteignakaup verður hámarksveðhlutfall 65% af kaupverði eignarinnar og hámarkslánveiting 40 milljónir króna. Ef ekki er um fasteignakaup að ræða verður hámarksveðhlutfall 65% af fasteignamati eignarinnar og hámarkslánveiting 30 milljónir króna. Sjóðurinn gerir eftir sem áður þá kröfu að fari veðhlutfall yfir 50% sé lánnum sjóðsins þinglýst fremst á veðbók eignarinnar.



Próun sjóðfélagalána sem hlutfalls af heildareignum sjóðsins

Hvenær taka breytingarnar gildi

Breytingin mun taka gildi þann 15. nóvember en fresturinn er hugsaður sem aðlögunartími og sjóðfélagar sem höfðu hugsað sér að nýta sér lánamöguleika sjóðsins en falla ekki innan breytinganna geti þá sótt um á meðan eldri lánareglur eru í gildi. Vakin er sérstök athygli á því að sem fyrr verður engu að síður hægt að endurfjármagna lán sem sjóðfélagar eru þegar með hjá sjóðnum þrátt fyrir að þau falli utan nýrra reglna. Hámarksendurfjármögnunarupphæð er þá sú fjárhæð sem nemur eftirstöðvum eldra láns sem á að greiða upp.

Rétt er að taka fram að núverandi lánareglur verða sýnilegar á efia.is fram að gildistíma nýju lánareglunnanna, þann 15. nóvember.

Grundvöllur breytinga

Markmið og vilji stjórnar er að halda áfram að bjóða upp á góð samkeppnishæf lán á sem bestum kjörum fyrir sjóðfélaga sem jafnframt teljast álitlegur fjárfestingarkostur fyrir sjóðinn. Grundvöllur þeirra breytinga sem nú er verið að gera er að hægja á vexti lánveitinga sjóðsins að einhverju marki til að hlutfall þess eignaflokks verði ekki of hátt og komið sé þannig í veg fyrir nauðsynlega áhættudreifingu eigna.

Flugmannakaffi í FÍA

Flugmannakaffi var haldið síðasta fimmtudag septembermánaðar. Hugmyndin er að halda slíkt kaffi síðasta fimmtudag hvers mánaðar í vetur. Sendur verður út póstur þess efnis til áminningar hverju sinni.

Þetta fyrsta kaffi mæltist vel fyrir og var þokkaleg mæting eins og sjá má á meðfylgjandi mynd og eru félagsmenn hvattir til að nýta sér þetta tækifæri í framtíðinni.

